

AUKIN UMSVIF OG NÝJAR STÖDIR Í REKSTRI

Uppgjör Haga hf. á 3. ársfjórðungi 2022/23

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir þriðja ársfjórðungi 2022/23 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 12. janúar 2023. Reikningurinn er fyrir tímabilið 1. mars til 30. nóvember 2022. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess og er hann gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Reikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins, PricewaterhouseCoopers ehf.

Helstu lykiltölur

- **Vörusala** 3F nam 40.220 m.kr. (19,9% vöxtur frá 3F 2021/22). Vörusala 9M nam 121.832 m.kr. (21,3% vöxtur frá 9M 2021/22). [3F 2021/22: 33.551 m.kr., 9M 2021/22: 100.470 m.kr.]
- **Framlegð** 3F nam 7.301 m.kr. (18,2%) og 23.248 m.kr. (19,1%) fyrir 9M. [3F 2021/22: 6.916 m.kr. (20,6%), 9M 2021/22: 21.149 m.kr. (21,1%)]
- **Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)** 3F nam 2.598 m.kr. eða 6,5% af veltu. EBITDA 9M nam 9.635 m.kr. eða 7,9% af veltu. [3F 2021/22: 2.535 m.kr. (7,6%), 9M 2021/22: 8.076 m.kr. (8,0%)]
- **Hagnaður** 3F nam 910 m.kr. eða 2,3% af veltu. Hagnaður 9M nam 4.214 m.kr. eða 3,5% af veltu. [3F 2021/22: 841 m.kr. (2,5%), 9M 2021/22: 3.277 m.kr. (3,3%)]
- **Grunnhagnaður á hlut** 3F var 0,82 kr. og 3,74 kr. fyrir 9M. [3F 2021/22: 0,73 kr., 9M 2021/22: 2,84 kr.]. **Þynntur hagnaður á hlut** 3F var 0,82 kr. og 3,67 kr. fyrir 9M. [3F 2021/22: 0,73 kr., 9M 2021/22: 2,82 kr.]
- **Eigið fé** nam 27.196 m.kr. í lok tímabils og **eiginfjárlutfall** 37,8%. [Árslok 2021/22: 26.726 m.kr. og 41,0%]
- **Afkomuspá stjórnenda** fyrir rekstrarárið 2022/23 gerir ráð fyrir að EBITDA verði 10.200-10.700 m.kr., án áhrifa vegna viðskipta með Klasa og endurgreiðslu flutningsjöfnunarsjóðs. Áhrif einskiptisliða á EBITDA félagsins eru um 1,4 ma. kr.

Helstu fréttir af starfsemi

- **Töluverð veltuaukning (19,9%) á ársfjórðungi** miðað við sama tímabil í fyrra og heildarhagnaður eykst um 8,2%, einkum vegna einskiptisliða.
- **Seldum stykkjum í dagvöruverslunum á 3F** fjölga um 7,0% milli ára og **heimsóknum viðskiptavina fjölga** um 15,0% í samanburði við fyrra ár. **Seldum eldsneytislífrum** á 3F fækka um 2,6% - sala til stórnotenda óvenju mikil á sama fjórðungi í fyrra.
- **Framlegð í krónum talið eykst** um 5,6% milli ára en **framlegðarhlutfallið lækkar** um 2,5%-stig, einkum vegna hærra heimsmarkaðsverðs olíu samanborið við fyrra ár en **einnig hefur framlegðarhlutfall dagvöru lækkað**.
- **Áframhaldandi hnökra** gætir í aðfangakeðjunni og við framleiðslu matvöru með verulegri hækkun á verði aðfanga. **Allt kapp lagt á að sporna við hækkandi vöruverði** til viðskiptavina og þannig leggja Hagar sitt af mörkum til að **halda aftur af verðbólgu**.
- **Einskiptisliðir að upphæð 451 m.kr.** færðir meðal annarra rekstrartekna á 3F
- **Áhrifa kjarasamninga** gætir á fjórðungnum en vegna afturvirk-ni til 1. nóvember var **færð gjaldfærsla á tímabilinu**.
- Hagar tóku við rekstri **Eldum rétt** þann 1. nóvember og **gætir áhrifa samrunans** því í rekstri og efnahag samstæðunnar frá og með þeim tíma.

Finnur Oddsson, forstjóri:

Á síðustu mánuðum hefur órói á heimsmörkuðum fyrir hrávöru og orku leitt af sér fordæmalausar hækkanir á vöruverði til neytenda og um leið haft mikil áhrif á rekstrarumhverfi í smásölu. Í ljósi þessara aðstæðna, þá má segja að starfsemi Haga á þriðja fjórðungi rekstrarársins 2022/23 hafi gengið ágætlega. Áfram er umtalsverð aukning vörusölu miðað við sama tímabil í fyrra, en tekjur námu 40,2 ma. kr. sem er 20% vöxtur. Afkoma batnaði lítillega, einkum vegna einskíptisliða, en EBITDA nam 2.598 m.kr. og hagnaður 910 m.kr. Á fyrstu 9 mánuðum ársins nam vörusala tæpum 122 ma.kr. og EBITDA hlutfall 7,9%. Við erum sátt með starfsemi félagsins það sem af er ári, bæði niðurstöðu rekstrar við erfiðar aðstæður og að hafa komið í höfn mikilvægum áföngum sem munu styrkja Haga til framtíðar.

Eins og fyrr segir, þá lítaðist fjórðungurinn af áframhaldandi róti á hráefnismörkuðum og hafa hækkanir og sveiflur í verði aðfanga því verið eitt mikilvægasta viðfangsefni stjórnenda félagsins. Þar hefur leiðarstefið verið að tryggja vöruúrval og vinna gegn hækkandi vöruverði í verslunum með hagkvæmum innkaupum og með því að leita eftir auknu hagræði í allri starfsemi.

Ef horft er til starfsþátta, þá jukust tekjur Olís um 35% á milli ára, námu 14,3 ma. kr., og afkoma batnaði. Bættu afkomu má fyrst og fremst rekja til einskíptisliða sem féllu til á fjórðungnum, en til grundvallar liggur ávinningur af breyttum áherslum í rekstri og vel heppnaðrar hagræðingarvinnu síðustu missera. Eldsneytissala á smásölumarkaði jókst og þurrvörusala sömuleiðis, en aðeins dró úr umsvifum stórnotenda, enda óvenju mikil umsvif stórnotenda á sama fjórðungi í fyrra. Framlegð hefur heldur lækkað, bæði í krónum og sem hlutfall af veltu, meðal annars vegna óhagfelldra sveiflna á heimsmarksverði olíu. Aðlögun á þjónustu- og vöruframboði eldsneytisstöðva miðar samkvæmt áætlun og einfaldað sölu- og aðfangskipulag gagnvart stórnotendum hefur gefist vel.

Ágætur vöxtur var í sölu á dagvöru í Bónus og Hagkaup, ríflega 13%. Það er ljóst að hækkandi verð aðfanga frá heildsölum og framleiðendum hefur leitt til hærra vöruverðs í verslunum, sem skýrir tekjuvöxt að hluta. Það er hins vegar ánægjulegt að seldum stykkjum fjölgaði um 7% og heimsóknnum viðskiptavina í verslanir fjölgaði um 15%. Þennan sterka vöxt í dagvöruverslun má að stærstum hluta rekja til þess að fleiri viðskiptavinir sækja Bónus heim, þar sem lengri opnunartími, gott aðgengi og hagkvæmt vöruverð mælast vel fyrir. Gert er ráð fyrir að svo verði áfram, enda skiptir það æ fleiri máli að gera sem hagkvæmust innkaup á matvöru. Framlegð í krónum hækkaði á fjórðungnum í samræmi við aukna veltu, en framlegðarhlutfall í dagvöru hefur hins vegar heldur lækkað.

Í samræmi við markaða stefnu, þá hefur uppbygging samstæðu Haga tekið nokkrum breytingum á síðustu misserum, með það að markmiði að bregðast við þróun í rekstrarumhverfi félagsins og skjóta um leið fleiri stoðum undir rekstur samstæðunnar. Flestir þættir í því uppbyggingarstarfi eru komnir í höfn eða á góðan rekspól nú í upphafi árs 2023. Eldum rétt er formlega orðið meðlimur í Haga fjölskyldunni, sem liður í að bregðast við breyttum neysluvenjum með hollum, einföldum og tímasparandi lausnum. Stór þróunar- og fasteignaverkefni eru komin í góðan farveg hjá Klasa, sem mun flýta fyrir verðmætasköpun og auka fókus stjórnenda Haga á kjarnarekstur á sviði dagvöru- og eldsneytis. Stórkaup var sett á laggirnar, og fer vel af stað, til að nýta innviði Haga enn betur og bjóða rekstrar-, heilbrigðis- og matvöru á ört stækkandi stórnotendamarkaði. Stafræn vegferð Haga hefur svo skilað margvíslegum ávinningi, og m.a. gert Hagkaup kleift að „stækka“ og þjóna viðskiptavinum um allt land enn betur, með nýjum netverslunum með snyrtivörur, leikföng og valdar sérvörur. Þessar breytingar skjóta nú enn fleiri stoðum undir rekstur Haga samstæðunnar og er þess vænst að þær skili rekstrarlegum ávinningi strax á næstu fjórðungum.

Veiking krónu og þær fordæmalausu verðhækkanir sem verið hafa á innlendum og erlendum áföngum hafa óhjákvæmilega leitt til hærra vöruverðs á nauðsynjum og verðbólga matvöru hefur því aukist. Á sama tíma hefur rekstrarkostnaður aukist töluvert, bæði vegna launahækkana og almennra kostnaðarhækkana. Í þessu ljósi erum við ágætlega sátt við þann árangur sem náðst hefur það sem af er rekstrarárs. Staða Haga á markaði er sterk og fjárhagslega stendur félagið traustum fótum, vel í stakk búið til að takast á við þær óvenjulegu og krefjandi rekstraraðstæður sem nú eru. Styrkur Haga liggur í öflugum dótturfélögum sem hafa á að skipa þaulreyndu starfsfólki sem vinnur af einurð að því markmiði að tryggja vöruframboð, hagkvæm innkaup og rekstur. Starfsfólk Haga mun áfram vinna að því markmiði að efla hag viðskiptavina með því að gera verslun sem hagkvæmasta, en jafnframt þægilega og skemmtilega.

Rekstrarreikningur samstæðunnar

í millj. kr.	3F 2022/23	3F 2021/22	Breyting	Breyting %	9M 2022/23	9M 2021/22	Breyting	Breyting %
	01.09-30.11	01.09-30.11			01.03-30.11	01.03-30.11		
Vörusala	40.220	33.551	6.669	19,9%	121.832	100.470	21.362	21,3%
Kostnaðarverð seldra vara	(32.919)	(26.635)	(6.284)	23,6%	(98.584)	(79.321)	(19.263)	24,3%
Framlegð	7.301	6.916	385	5,6%	23.248	21.149	2.099	9,9%
Framlegð %	18,2%	20,6%	-	-2,5%	19,1%	21,1%	-	-2,0%
Aðrar rekstrartekjur	587	125	462	369,6%	936	354	582	164,4%
Hagnaður af sölu eigna	--	--	--	-	882	349	533	152,7%
Laun og launatengd gjöld	(3.578)	(3.132)	(446)	14,2%	(10.459)	(9.564)	(895)	9,4%
Annar rekstrarkostnaður	(1.712)	(1.374)	(338)	24,6%	(4.972)	(4.212)	(760)	18,0%
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	2.598	2.535	63	2,5%	9.635	8.076	1.559	19,3%
EBITDA %	6,5%	7,6%	-	-1,1%	7,9%	8,0%	-	-0,1%
Afskriftir	(1.085)	(1.105)	20	-1,8%	(3.205)	(3.007)	(198)	6,6%
Rekstrarhagnaður (EBIT)	1.513	1.430	83	5,8%	6.430	5.069	1.361	26,8%
Hrein fjármagnsgjöld	(414)	(373)	(41)	11,0%	(1.384)	(1.104)	(280)	25,4%
Áhrif hlutdeildarféлага	34	23	11	47,8%	172	144	28	19,4%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.133	1.080	53	4,9%	5.218	4.109	1.109	27,0%
Tejkuskattur	(223)	(239)	16	-6,7%	(1.004)	(832)	(172)	20,7%
Heildarhagnaður	910	841	69	8,2%	4.214	3.277	937	28,6%
Skipting hagnaðar								
Hlutdeild móðurfélags	910	841	69	8,2%	4.214	3.267	947	29,0%
Hlutdeild minnihluta	--	--	--	-	--	10	(10)	-
	910	841	69	8,2%	4.214	3.277	937	28,6%

Lykiltölur á 3. ársfjórðungi

Vörusala á 3F jókst um 19,9% milli ára. Fjöldi seldra stykkja í dagvöruverslunum jókst um 7,0% og heimsóknnum viðskiptavina fjölgaði um 15,0%. Eldsneytisliðrum hjá Olís á 3F fækkaði um 2,6% milli ára.

Framlegð á 3F í krónum talið jókst um 5,6% milli ára en framlegðarhlutfall lækkaði úr 20,6% í 18,2%, einkum vegna herra heimsmarkaðs-verðs olíu samanborið við fyrra ár en einnig vegna lægri framlegðar í dagvöruverslunum.

Endurgreiðsla flutningsjöfnunargjalds að upphæð 451 m.kr. er tekjufærð meðal annarra rekstrartekna á fjórðungnum.

Áhrifa kjarasamninga gætir á fjórðungnum en vegna afturvirkni til 1. nóvember var færð gjaldfærsla á tímabilinu, auk varúðarfærslu vegna ófrágenginna kjarasamninga. Áhrif samninganna eru nokkuð umfram meðaltals prósentuhækkanir sem koma fram í samningum.

EBITDA 3F var 2.598 m.kr. í samanburði við 2.535 m.kr. á fyrra ári. EBITDA-hlutfall var 6,5% en var 7,6% á fyrra ári. Án einkisliða var EBITDA 2.147 m.kr. eða 5,3% hlutfall.

Heildarhagnaður 3F nam 910 m.kr. og hækkar um 8,2% á milli ára.

Rekstur fyrstu níu mánuði rekstrarársins

Vörusala tímabilsins nam 121.832 m.kr., samanborið við 100.470 m.kr. árið áður. Söluaukning milli ára nam 21,3%. Söluaukning

verslana og vöruhúsa nam 9,6% og söluaukning hjá Olís nam 45,0%.

Fjöldi seldra stykkja í dagvöruverslunum jókst um 4,9% og heimsóknnum viðskiptavina fjölgaði um 12,6%. Magnaukning á tímabilinu í seldum eldsneytisliðrum hjá Olís var 3,6%.

Framlegð samstæðunnar var 23.248 m.kr., samanborið við 21.149 m.kr. árið áður, eða aukning um 9,9%. Framlegðarhlutfall lækkaði hins vegar og var 19,1% í samanburði við 21,1% á fyrra ári.

Einkisliðir á tímabilinu nema rúmum 1,4 ma. kr. sem tilkomnir eru vegna viðskipta Haga með Klasa (966 m.kr.) og endurgreiðslu flutningsjöfnunargjalds (451 m.kr.).

Laun hækka um 9,4% á tímabilinu, bæði vegna meiri umsvifa hjá Bónus en einnig vegna áhrifa kjarasamninga. Annar rekstrarkostnaður hefur hækkað um 18,0% á tímabilinu, einkum vegna herra eldsneytisverðs og áhrifa verðbólgu.

Afkoma fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) nam 9.635 m.kr., samanborið við 8.076 m.kr. árið áður. EBITDA-hlutfall var 7,9%, samanborið við 8,0% á fyrra ári.

Heildarhagnaður tímabilsins nam 4.214 m.kr., sem jafngildir 3,5% af veltu en heildarhagnaður á fyrra ári var 3.277 m.kr. eða 3,3% af veltu.

EBITDA afkoma, án einkisliða nú og á samanburðarári, hefur hækkað um 6,4% milli ára og heildarhagnaður hækkar um 1,1% milli ára án einkisliða.

Efnahagsreikningur samstæðunnar

í millj. kr.	30.11.2022	28.02.2022	Breyting	Breyting %
Eignir				
Fastafjármunir	50.058	45.064	4.994	11,1%
Veltufjármunir	21.842	17.740	4.102	23,1%
Eignir til sölu	--	2.388	(2.388)	-
Eignir samtals	71.900	65.192	6.708	10,3%
Eigið fé og skuldir				
Hlutafé	1.119	1.139	(20)	-1,8%
Annað eigið fé	26.077	25.587	490	1,9%
Eigið fé samtals	27.196	26.726	470	1,8%
Langtímaskuldir	22.419	20.950	1.469	7,0%
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	2.593	451	2.142	474,9%
Aðrar skammtímaskuldir	19.692	17.065	2.627	15,4%
Skuldir samtals	44.704	38.466	6.238	16,2%
Eigið fé og skuldir samtals	71.900	65.192	6.708	10,3%

Lykiltölur efnahags 30.11.2022

- Heildareignir samstæðunnar í lok tímabils námu 71.900 m.kr. og hækkuðu um 6.708 m.kr. frá árslokum 2021/22.
- Fastafjármunir voru 50.058 m.kr. og hækkuðu um 4.994 m.kr. frá árslokum 2021/22. Þar telur að mestu eignarhlutur Haga í Klasa sem bókfærður er í lok ágúst 2022 og hækkun óefnislegra eigna vegna kaupa Haga á Eldum rétt í nóvember sl.
- Veltufjármunir voru 21.842 m.kr. og hækkuðu um 1.714 m.kr. frá árslokum 2021/22, að meðtöldum eignum til sölu á fyrra ári.
- Birgðir í lok nóvember voru 14.258 m.kr. og veltuhraði birgða 10,1. Birgðir hækkuðu um 3.482 m.kr. frá lokum 3F 2021/22 en hækkun birgða má nær einungis rekja til hærri eldsneytisbirgða, sem orsakast af mikilli hækkun á eldsneytisverði milli ára. Veltuhraði birgða á fyrra ári var 10,2. Birgðir hækkuðu um 3.551 m.kr. frá árslokum 2021/22, af sömu ástæðu og rakin er hér á undan auk meiri birgðasöfnunar í matvöru og sérvöru vegna jólaverslunar.
- Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru nánast á pari á tímabilinu eða hækkuðu um 16 m.kr. frá árslokum. Innheimtutími viðskiptakrafna var 10,4 dagar samanborið við 10,2 daga á fyrra ári.
- Veltufjárhlutfall var 0,98 og lausafjárhlutfall 0,34 í lok þriðja ársfjórðungs. Aðgangur að skammtímafjármögnun í formi lánalína að upphæð 6,2 ma. kr. hjá viðskiptabanka er tryggður.
- Eigið fé í lok tímabilsins var 27.196 m.kr. og eiginfjárhlutfall 37,8%. Arðsemi eigin fjár var 18,6%. Eiginfjárhlutfall við lok síðasta rekstrarárs var 41,0% og arðsemi eigin fjár 15,9%. Félagið átti 13,9 millj. eigin hluti í lok tímabilsins.
- Heildarskuldir samstæðunnar í lok þriðja ársfjórðungs voru 44.704 m.kr. en þar af voru vaxtaberandi skuldir 14.448 m.kr. og leiguskuldir 9.233 m.kr. Nettó vaxtaberandi skuldir, með leiguskuldum, í lok tímabils voru 22.363 m.kr. eða 1,9 x 12 mánaða EBITDA. Nettó vaxtaberandi skuldir, án leiguskulda, voru 1,1 x 12 mánaða EBITDA.

Sjóðstreymisýfirlit samstæðunnar

í millj. kr.	3F 2022/23	3F 2021/22	Breyting		9M 2022/23	9M 2021/22	Breyting	
	01.09-30.11	01.09-30.11		%	01.03-30.11	01.03-30.11		%
Handbært fé frá rekstri	1.808	2.478	(670)	-27,0%	6.563	7.035	(472)	-6,7%
Fjárfestingarhreyfingar	(1.895)	(367)	(1.528)	416,3%	(2.752)	(1.221)	(1.531)	125,4%
Fjármögnunarhreyfingar	(690)	(1.006)	316	-31,4%	(3.276)	(4.146)	870	-21,0%
Hækkun á handbæru fé	(777)	1.105	(1.882)	-170,3%	535	1.668	(1.133)	-67,9%
Handbært fé í byrjun tímabils	2.095	951	1.144	120,3%	783	388	395	101,8%
Handbært fé í lok tímabils	1.318	2.056	(738)	-35,9%	1.318	2.056	(738)	-35,9%

Sjóðstreymi fyrstu níu mánuði rekstrarársins

- Handbært fé frá rekstri fyrstu níu mánuðum ársins 2022/23 nam 6.563 m.kr., samanborið við 7.035 m.kr. á fyrra ári.
- Fjárfestingarhreyfingar á fyrstu níu mánuðum ársins voru 2.752 m.kr., samanborið við 1.221 m.kr. á fyrra ári. Fjárfesting í rekstrarfjármunum nam 1.455 m.kr. á tímabilinu, fjárfesting í óefnislegum eignum 386 m.kr. og fjárfesting í dótturfélagi nam 1.305 m.kr.
- Fjármögnunarhreyfingar tímabilsins voru 3.276 m.kr., samanborið við 4.146 m.kr. á fyrra ári. Endurkaup eigin bréfa á fyrstu níu mánuðum ársins námu 1.500 m.kr. og arðgreiðsla í júní 2022 nam 2.265 m.kr.
- Handbært fé í lok tímabils nam 1.318 m.kr. til samanburðar við 2.056 m.kr. í lok sama tímabils í fyrra.

Staðan og framtíðarhorfur

Starfsemi samstæðunnar hefur verið að færast í eðlilegra horf í samanburði við síðustu tvö rekstrarár, en áhrif COVID-19 heimsfaraldursins hafa farið dvínandi. Ferðalög landsmanna utan hafa aukist og erlendum ferðamönnum á Íslandi hefur fjölgað, sem hefur áhrif á eftirspurn á mörkuðum fyrir dagvöru og eldsneyti. Hnökra gætir þó enn í framleiðslu matvöru og í aðfangakeðjunni, bæði vegna eftirstöðva heimsfaraldursins og ekki síður vegna stríðsátaka í Úkraínu. Hvoru tveggja hefur leitt til verulegrar hækkunar á verði aðfanga, verðbólga hefur aukist og vaxtastig hækkað. Hagar munu, eftir sem áður, leggja áherslu á að sporna við hækkandi vöruverði til neytenda og leggja þannig sitt af mörkum til að tryggja viðskiptavinum sínum vörur og þjónustu á sem hagkvæmasta verði og um leið leggja lóð á vogarskálar til að halda aftur af verðbólgu.

Á þriðja ársfjórðungi gætir áhrifa af kjarasamningum sem undirritaðir voru í desember, en vegna afturvirkni til 1. nóvember 2022 var færð gjaldfærsla á tímabilinu, auk varúðarfærslu vegna ófrágenginna kjarasamninga. Áhrif kjarasamninga hjá félaginu verða líklega eitthvað umfram þær meðaltals prósentuhækkanir sem fjallað er um í samningunum þar sem nokkuð stór hluti starfsfólks er á kjarasamningstöxtum, en hækkun taxta nemur á bilinu 10-13%.

Afkomuspá stjórnenda gerir ráð fyrir að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) samstæðu Haga fyrir rekstrarárið 2022/23 verði á bilinu 10.200-10.700 millj. kr., ef frá eru talin áhrif einskiptisliða sem tengjast sölu á eignum til Klasa og endurgreiðsla flutningsjöfnunargjalds. Áhrif einskiptisliða á EBITDA samstæðunnar voru á öðrum ársfjórðungi um 966 millj. kr. vegna sölu á eignum til Klasa og á þriðja ársfjórðungi 451 millj. kr. vegna endurgreiðslu flutningsjöfnunargjalds.

Fjárhagsleg staða samstæðu Haga hf. er sterk og er félagið vel í stakk búið að takast á við ögrandi aðstæður í íslensku efnahagslífi. Fjármögnun samstæðunnar er að mestu tryggð til langs tíma og er aðgangur tryggður að skammtímafjármögnun í formi lánalína að fjárhæð 4,5 ma. kr. og USD 12,5 millj.

Þann 17. október 2022 samþykkti Samkeppniseftirlitið kaup Haga hf. á öllu hlutafé í Eldum rétt ehf. Afhending og greiðsla kaupverðsins fór fram þann 1. nóvember sl. Áhrif kaupanna á rekstrarreikning og efnahagsreikning Haga koma fram frá og með 1. nóvember 2022.

Hlutafé og hluthafar

- Markaðsvirði Haga í lok tímabilsins nam 83,8 ma. kr. og lokaverð þann 30. nóvember 2022 var 74,0 kr./hlut.
- Skráð hlutafé Haga í lok tímabilsins nam 1.133 m.kr. Félagið átti 13,9 millj. eigin hluti í lok tímabils.
- Þann 1. júní 2022 samþykkti aðalfundur að lækka hlutafé félagsins til ógildingar á eigin hlutum að nafnverði 21,6 m.kr. Lækkunin kom til framkvæmda þann 23. júní 2022 og lækkaði hlutfé Haga því úr 1.154 m.kr. að nafnverði í 1.133 m.kr. að nafnverði.
- Aðalfundur samþykkti einnig að greiddur yrði arður til hluthafa vegna síðastliðs árs sem nam 2,0 krónum á hlut eða 2.265 m.kr. Arðurinn var greiddur þann 15. júní 2022.
- Stjórn Haga hefur á grundvelli samþykktar aðalfundar frá 1. júní 2022 sett í gang tvær endurkaupaáætlanir á tímabilinu í þeim tilgangi að lækka útgefið hlutafé félagsins. Endurkaupunum er lokið en fjárhæð þeirra nam 1.000 m.kr. eða 13,9 millj. hluta. Stjórn hefur nú samþykkt frekari endurkaup að fjárhæð 500 m.kr. en nánar verður tilkynnt um útfærslu þeirra á næstu dögum.
- Hluthafar voru 986 í byrjun rekstrarárs og 1.034 í lok nóvember. 10 stærstu hluthafar félagsins áttu 76,01% eignarhlut í félaginu í lok nóvember.

Rafrænn kynningarfundur föstudaginn 13. janúar 2022

Rafrænn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn föstudaginn 13. janúar kl. 8:30. Fundinum verður varpað í gegnum netið, þar sem Finnur Oddsson, forstjóri, og Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, munu kynna rekstur og afkomu félagsins ásamt því að svara fyrirspurnum.

Tekið verður við spurningum sem tengjast uppgjörinu á meðan á útsendingu stendur á netfangið fjarfestakynning@hagar.is og verður þeim svarað eins og kostur er í lok fundar.

Fundinum verður streymt og er skráning á fundinn hér: <https://www.hagar.is/skraning>

Kynningargögn verða aðgengileg á heimasíðu Haga, www.hagar.is, við upphaf fundar.

Fjárhagsdagatal 2022/23

Fjárhagsupplýsingar eru birtar eftir lokun markaða.

Uppgjörstímabil	Vikudagur	Birtingardagur
4F – 1. mars til 28. febrúar	Fimmtudagur	27. apríl 2023
Aðalfundur 2023	Fimmtudagur	1. júní 2023

Fréttatilkynning þessi og uppgjörgögn verða aðgengileg á ensku þann 16. janúar á <https://www.hagar.is/en/>

Press release and financial statements will be available in English on January 16th at <https://www.hagar.is/en/>

Nánari upplýsingar veita Finnur Oddsson, forstjóri félagsins (fo@hagar.is), og Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs (geg@hagar.is), í síma 530-5500 eða tölvupósti.
